

Tillögur stjórnar LSBÍ til breytinga á samþykktum

Stjórn LSBÍ leggur til breytinga á 1. mgr. 4. gr. samþykktta sjóðsins.

Viðbótartillögur við samþykktirnar eru auðkenndar með **rauðu letri** og sá texti sem lagt er til að verði eytt, er auðkenndur með **rauðu letri og yfirstrikun**.

Breytingar á 1. mgr. 4. gr.

1. mgr. 4 gr. Um stjórn og framkvæmdastjóra

Stjórn sjóðsins skipa þrír stjórnarmenn. Fundur sjóðfélaga skal kjósa tvo stjórnarmenn og tvo til vara. Kjósa skal einn stjórnarmann og einn varamann á ári hverju til tveggja ára í senn. Arion banki hf. skal tilnefna einn stjórnarmann og einn til vara til tveggja ára í senn. ~~Stjórnarmenn og varamenn þeirra skulu kosnir á ársfundi til tveggja ára í senn og skal tilnefning þess stjórnarmanns sem tilnefndur er af Arion banka hf. og varamanns hans ekki vera til skemmri tíma hvert sinn.~~ Stjórnarmaður getur hvenær sem er sagt sig úr stjórn og skal segja sig úr stjórn bresti hann hæfi samkvæmt lögum eða samþykktum þessum. Óheimilt er að afturkalla umboð stjórnarmanns á kjörtímabilinu nema hann bresti hæfi til að gegna stjórnarsetu samkvæmt lögum eða samþykktum þessum. Tilkynna skal stjórn sjóðsins með formlegum hætti rökstudda ákvörðun þess efnis með tilvísun í viðeigandi lagaákvæði eða samþykktir. Þurfi aðalmaður eða varamaður að stíga til hliðar skal kjósa á næsta aðalfundi til þess tíma sem eftir stóð af stjórnarsetu viðkomandi ef viðkomandi var kjörin af sjóðfélögum. Ef viðkomandi var tilnefndur af Arion banka skal Arion banki tilnefna nýjan einstakling á næsta aðalfundi.

Breytingar á 5. mgr. 5. gr.

~~Á sjóðfélagafundi skal annað hvert ár kjósa fulltrúa í sjóðstjórn.~~

Ákvæði til bráðabirgða:

Þrátt fyrir 1. mgr. 4. gr. samþykktta sjóðsins skal á ársfundi 2025 kjósa um eitt sæti aðalmanns til eins árs og annað sæti til tveggja ára. Eins skal gera með sæti varamanna.

Rökstuðningur:

Í stjórn LSBÍ sitja þrír stjórnarmenn og þrír varamenn. Tveir stjórnarmenn og tveir varamenn eru kosnir af sjóðfélögum annað hvert ár en rekstraraðili sjóðsins tilnefnir einn stjórnarmann og einn varamann til tveggja ára í senn.

Í þessari breytingartillögu er lagt til að framkvæmdinni verði breytt þannig að sjóðfélagar kjósi árlega um einn stjórnarmann og einn varamann og munu þeir sitja í tvö ár. Þannig verða stjórnarkosningar á hverju ári. Rekstraraðili sjóðsins, Arion banki, mun áfram tilnefna einn stjórnarmann og varamann til tveggja ára í senn.

Þessi breyting er lögð til svo að sú staða komi ekki upp að báðir stjórnarmenn sem kosnir eru af sjóðfélögum hætti á sama tíma.

Svo unnt sé að koma breytingunni í framkvæmd þarf einnig að setja ákvæði til bráðabirgða sem mun einungis gilda á ársfundi árið 2025.